

Orð dagsins

Þú velur þér áhugavert orð sem þú rekst á eða leitar að, gjarnan í heimanámi í öðrum fögum. Skilyrði er að orðið sé framandi, flott og sérstakt og að þú hafir ekki kynnst orðinu fyrr og/ eða kennari útvegar þér orð sem þú átt að rannsaka.

Þú bætir orðinu í orðasafn þitt og gerir hópnum grein fyrir því með því að svara eftirfarandi:

1. Hvar rakst þú á orðið og hvað heillaði þig við það?
2. Gerðu grein fyrir merkingu orðsins í því samhengi sem það stendur í textanum þínum (málið.is Íslensk nútímamálsorðabók)
3. Hvers konar orð er þetta? Gerðu grein fyrir orðflokki, beygingu, kyni, tölu og þess háttar eftir því sem ástæða er til (málið.is Íslensk nútímamálsorðabók, Beygingarlýsing íslensks nútímamáls)
4. Hvernig er orðið myndað? Er það samsett? Forskeyti, viðskeyti? (málið.is Íslensk orðsifjabók, Málvarsbankinn)
5. Rektu sögu orðsins/orðhluta eftir því sem hægt er í íslensku máli. Hefur það „alltaf“ verið til? Ef ekki, hvenær kemur það fyrst fyrir í íslensku máli? Hefur það alltaf merkt það sama eða hefur merking þess breyst? Sé orðið af erlendum uppruna, hvaðan er það þá ættað? (málið.is Íslensk orðsifjabók)
6. Nefndu samheiti og andheiti orðsins (málið.is Íslenskt orðanet)
7. Myndaðu tvær setningar þar sem þú notar orðið í eðlilegu samhengi.